

53

5. maí

XVII. Um sektir o. fl.

45. gr.

Ef samþykkt þessi er brotin eða vanrækt er að framkvæma á settum fresti nokkra þá fyrirskipun, er heilbrigðisnefnd setur samkvæmt henni, varðar það allt að 200 kr. sekt.

Ef heilbrigðisnefnd kys heldur að láta vinna verk það, er vanrækt hefir verið, á kostnað þess, er verkið átti að vinna, er henni það heimilt, og má þá greiða kostnaðinn til bráðabirgða úr bæjarsjóði, en síðan taka hann lögtaki hjá þeim, sem sekur er.

46. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. júlí 1906.

Þetta er hjermeð gjört heyrum kunnugt.

Í stjórnarráði Íslands, 5. maí 1906.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

54

21. maí

Reglugjörð

fyrir

Lóðasjóð Ísafjarðarkaupstaðar.

Samkvæmt 3. gr. laga 20. okt. 1905 um heimild til lóðasölu fyrir Ísafjarðarkaupstað er hjermeð, eptir að stjórnarráðinu hafa borizt tillögur bæjarstjórnar nefnds kaupstaðar, sett eptirfarandi reglugjörð fyrir lóðasjóð Ísafjarðarkaupstaðar:

1. gr.

Stofnfje sjóðsins er andvirði seldra lóða á Ísafirði og skal það ávaxtað sem ómyndugra fje.

2. gr.

54

Einn fjórða af andvirði lóðanna ásamt vöxtum skal geyma sjer, og skal því fje ekki ráðstafað fyr en 1925. 21. maí

Hinum hluta sjóðsins má verja:

- a) til að kaupa lóðir undir götur og byggingar bæjarins;
- b) til að verja land bæjarins ágangi;
- c) til að prýða bæinn;
- d) til að rækta skóg í landi bæjarins.

3. gr.

Bæjarstjórnin á Ísafirði hefir á hendi aðalumsjón sjóðsins og hefir ábyrgð á eignum hans eins og öðrum eignum kaupstaðarins, sjer um að reglugjörð þessari sje hlýtt, kys stjórn hans, úrskurðar reikninga, ákveður hvernig fje hans skuli varið og hvernig það skuli ávaxtað.

4. gr.

Í stjórn sjóðsins kys bæjarstjórn 3 menn til 3 ára. Skulu þeir semja reikning hans, gjöra tillögur um hvernig fje hans skuli ávaxtað og til hvers því skuli varið.

Gjaldkeri bæjarins innheimtir tekjur sjóðsins og greiðir útgjöld hans samkvæmt ávisun sjóðsstjórnarinnar.

5. gr.

Reikningsár sjóðsins er reikningsár kaupstaðarins. Reikningurinn skal fylgja ársreikningi kaupstaðarins og endurskoðast af yfirskoðunarmanni kaupstaðarins.

6. gr.

Ákvæði um stundarsakir:

Kosning fyrstu stjórnar sjóðsins gildir þangað til almennar nefndarkosningar í bæjarstjórn fara fram.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Í stjórnarráði Íslands, 21. maí 1906.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson,